

Málsnúmer 608.

Umsögn Dýraverndarsambands Íslands við frumvarp um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

1. grein. Þar sem segir: „Dýrum, sem eru flutt inn án heimildar eða sleppa úr flutningsförum, skal tafarlaust lógað og fargað bótalaust á kostnað umráðanda svo eigi stafi hætta af. Matvælastofnun er þó heimilt að gefa kost á að slík dýr séu tafarlaust send úr landi sé smitvörnum ekki ógnað.“

Við leggjum til eftirfarandi breytingu á textanum (**heildartillaga feitletruð**):

„Dýr, sem eru flutt inn án heimildar eða sleppa úr flutningsförum, skal tafarlaust flytja í einangrunastöð sé það unnt vegna smitvarna. Sé það ekki unnt skal með sama hætti tafarlaust senda dýr aftur úr landi, sé smitvörnum ekki ógnað. Verði umráðandi dýra ekki umsvifalaust við kröfum Matvælastofnunar um þetta eða ef smitvörnum er ógnað skal dýrunum tafarlaust lógað og fargað bótalaust á kostnað umráðanda svo eigi stafi hætta af.“

Rök: Við teljum að almennt meðalhóf hljóti að gera ráð fyrir að ganga út frá vægari úrræðum sem fyrsta vali og því eðlilegt að heimila fyrst að setja dýr í einangrun og næst að flytja dýr úr landi, ef það er unnt vegna smitvarna, en að ella þurfi að lóga því. Enda sé að öðru leyti tryggt að Matvælastofnun geti skýlaust brugðist við eftir því sem þarf. Almennt teljum við eðlilegt að miðað sé við að dýrin njóti vafans og fái að lifa ef það er unnt.

2. grein. Okkur finnst vanta í sjálft frumvarpið ákvæði eða texta um heimasóttkví, enda greinargerð annað skjal en lögin. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt um heimasóttkví: „Þó verði enn gert ráð fyrir „heimaeinangrun“ í einstaka tilfellum, t.d. vegna hjálparhunda.“

Við leggjum til eftirfarandi breytingu (feitletruð) á hluta 2. greinar í frumvarpinu, en í stað:

„Matvælastofnun getur heimilað innflytjendum að annast einangrun einstakra dýra í þeirra eigu, að uppfylltum skilyrðum um smitvarnir og aðbúnað sem sett eru og undir eftirliti Matvælastofnunar.“
komi:

„Matvælastofnun getur heimilað innflytjendum að annast einangrun **eða heimasóttkví** einstakra dýra í þeirra eigu, að uppfylltum skilyrðum um smitvarnir og aðbúnað sem sett eru og undir eftirliti Matvælastofnunar.“

Við fögnum því að heimildir Matvælastofnunar verði rýmkaðar til að leyfa heimasóttkví (hjalpar)hunda. Við teljum eðlilegt að einnig verði almennt miðað við *að unnt sé að sækja um heimasóttkví sérstaklega fyrir þá hunda sem myndað hafa tengsl sem fjölskyldu- og heimilishundar* og rétt að bæta þeim einnig við í greinargerðina með frumvarpinu, þar sem minnst er sérstaklega á hjálparhunda.

Rök: Við teljum þetta áriðandi af tveim ástæðum *hvað varðar fjölskyldu- og heimilishunda sérstaklega*: vegna sérstöðu þeirra út frá þörfum þeirra sjálfra og vegna íþyngjandi hindrana á eðlilegum ferðum þeirra sem halda fjölskyldu- og heimilishunda.

1. Sérstaða fjölskyldu- og heimilishunda: Við tilgreinum sérstaklega fjölskyldu- og heimilishunda, enda séu það hundar sem hafa myndað varanleg félagsleg tengsl við eigendur sína. Við vísum í fjölmargar rannsóknir sem hafa sýnt fram á algera sérstöðu tengsla hunda og manneskja og hafa

hundar í raun orðið til í samlífi við manneskjur og væru ekki til án þeirra. Þetta gefur þeim algera sérstöðu. Það er vel þekkt að fjölskyldu- og heimilishundum er vegna sterkra tengslamyndunar almennt erfiðara en öðrum dýrum að vera aðskildir sínu fólki. Við vísum hér í lög um velferð dýra (55/2013) þar sem dýr eru skilgreind sem skyni gæddar verur, þar sem hver tegund hefur tilteknar þarfir og eðli.

Við teljum heimasóttkví fyrir fjölskyldu- og heimilishunda sem eru að flytja heim með fjölskyldu sinni mikilvægari út frá dýravelferðarsjónarmiðum heldur en fyrir innflutning hunda sem ekki eru búnir að mynda slík tengsl við það fólk sem þeir eru að fara að flytja til.

2. Íþyngjandi fyrir fjölskyldulíf: Núverandi fyrirkomulag gerir að verkum eigendur fjölskyldu- og heimilishunda veigra sér fremur en annað fólk við að fara á milli landa. Við bendum á að þessir hundar eru almennt álitnir hluti af fjölskyldunni og af daglegu fjölskyldulífi og því er aðskilnaður frá þeim meira íþyngjandi, sérstaklega vegna þess að vitað er hversu erfiður hann er hundunum. Við teljum að skýr heimild og skilyrði til heimasóttkvíar með fjölskyldu- og heimilishunda myndu vera betur í samræmi við sjónarmið um dýravelferð og meðalhófsreglu um framkvæmd stjórnýslu því eðlilegt er að fólk geti almennt stuðst við skýr skilyrði stjórnvalda. Við teljum eðlilegt að fólk sem heldur fjölskyldu- og heimilishunda eigi að geta gert áætlanir um ferðir á milli landa eins og annað fólk og miðað við reglur um heimasóttkví sem hægt sé að kynna sér en teljum ekki eðlilegt að það sé hverju sinni sérstaklega mögulega ofurselt handahófskenndum ákvörðunum um leyfi eða bann vegna fjölskyldu- og heimilishunda sinna, sérstaklega ekki ef umbúnaður við heimasóttkví er að öðru leyti sá sami og hjá þeim sem fá leyfi, t.d. vegna hjálparhunda.

Aðalatriði máls er að við teljum að ef unnt er að leyfa undanþágur þar sem heimasóttkví hunda er leyfð á annað borð *þá sé áriðandi að þar sé tekið tillit til dýranna en ekki einungis t.d. vegna fjárhagslegra hagsmuna sem væru dæmigerð t.d. í tengslum við innflutning á þjálfuðum hjálparhundum*. Við teljum vel hægt að útfæra forkröfur þannig að þær séu jafn vel tryggðar með fjölskyldu- og heimilishundum og þær kröfur sem gert er ráð fyrir með hjálparhundum.

Samþykkt af stjórn DÍS í maí 2020
fh. Stjórnar Dýraverndarsambands Íslands,



Hallgerður Hauksdóttir, formaður.